6

		Kr. A.
7. Suðurmúlasýsla:	kr. a.	
Skuld sjóðsins við 2 hreppa . .	1200 00	
Vegabótakostnaður	1294 87	
Eign til næsta árs	1194 21	3689 08

Skrifstofu norður- og austuramtsins 30. oktbr. 1884.
J. Havsteen.

7

Yfirlit

yfir fjárhag sýslusjóðanna í norður- og austuramtinu 1883.

Tekjur:		Kr. A.
1. Húnavatnssýsla:	kr. a.	
Eign frá fyrra ári	202 90	
Niðurjöfnun 7 aurar á hundrað .	838 46	1041 36
2. Skagafjarðarsýsla:		
Eign frá fyrra ári	571 67	
Niðurjöfnun 8 aurar á hundrað .	944 23	
Aðrar tekjur	75 00	1590 90
3. Eyjafjarðarsýsla:		
Eign frá fyrra ári	587 76	
Niðurjöfnun 10 aurar á hundrað .	1152 10	
Aðrar tekjur	730 00	2469 86
4. Suðurþingeyjarsýsla:		
Eign frá fyrra ári	110 80	
Niðurjöfnun 6 aurar á hundrað .	479 73	
Aðrar tekjur	540 00	1130 53
5. Norðurþingeyjarsýsla:		
Eign frá fyrra ári . :	467 83	
Niðurjöfnun 7 aurar á hundrað .	216 07	
Aðrar tekjur	210 00	893 90
6. Norðurmúlasýsla:		
Eign frá fyrra ári	1200 69	
Niðurjöfnun 6 aurar á hundrað .	502 40	
Aðrar tekjur	200 00	1903 09
7. Suðurmúlasýsla:		
Niðurjöfnun 10 aurar á hundrað .	800 67	
Aðrar tekjur	620 00	1420 67

Gjöld.		
1. Húnavatnssýsla:		
Kostnaður sjóðsins	1027 83	
Eign til næsta árs	13 53	1041 36

	kr. a.	Kr. A.
2. Skagafjarðarsýsla:		
Kostnaður sjóðsins	935 00	
Eign til næsta árs	655 90	1590 90
3. Eyjafjarðarsýsla:		
Kostnaður sjóðsins	1881 75	
Eign til næsta árs	588 11	2469 86
4. Suðurþingeyjarsýsla:		
Kostnaður sjóðsins	333 06	
Eign til næsta árs:		
a, Vangoldið sýslugjald úr Skútustaðahreppi 1881, 1882 og 1883	15,91	
b, Í sjóði	781,56	797 47 1130 53
5. Norðurþingeyjarsýsla:		
Kostnaður sjóðsins	575 75	
Eign til næsta árs	318 15	893 90
6. Norðurmúlasýsla:		
Kostnaður sjóðsins	490 00	
Eign til næsta árs	1413 09	1903 09
7. Suðurmúlasýsla:		
Skuld frá fyrra ári[1]	134 85	
Kostnaður sjóðsins	814 50	
Eign til næsta árs	471 32	1420 67

Ath. Með «öðrum tekjum» er í reikningum Eyjafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslna og Suðurmúlasýslu talið tillag úr landssjóði til eflingar búnaði, samkvæmt fjárlögunum fyrir 1882 og 1883, 10. gr. C, 4.

Skrifstofu norður- og austuramtsins 30. oktbr. 1884.

J. Havsteen.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1882 og 1883.

10. gr. C 4.

Búnaðarfjelagi Vopnfirðinga veittar 50 kr. og búnaðarsjóði norður- og austuramtsins 99 kr.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1884 og 1885.

10. gr. C 4.

Samþykktar tillögur amtsráðsins í norður- og austuramtinu um að eptirnefndum búnaðar- og framfarafjelögum verði veittur þessi styrkur.

1.	Búnaðarfjelagi Þorkelshólshrepps . . .	kr. 122,00
2.	—— Ásshrepps	— 220,00
3.	—— Engihlíðarhrepps	— 84,00

1) Sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 1. ágúst 1884, nr. 7.

4.	Búnaðarfjelagi	Svínavatnshrepps	kr. 492,00
5.	——	Staðarhrepps	— 44,00
6.	——	Seiluhrepps	— 82,00
7.	Jarðabótafjelagi	Rípurhrepps	— 97,50
8.	Framfarafjelagi	Arnarneshrepps	— 58,00
9.	Jarðabótasamvinnu í	Skriðuhreppi . . .	— 35.00
10.	Framfarafjelagi	Öxnadalshrepps	— 30,00
11.	——	Bægisársóknar	— 34,50
12.	——	Öngulstaðahrepps . . .	— 50,00
13.	——	Grímseyjar	— 14,50
14.	——	Grýtubakkahrepps . . .	— 24,00
15.	——	Há!shrepps	— 27,00
16.	Búnaðarfjelagi	Ljósavatnshrepps . . .	— 117,00
17.	——	Jökulsárhlíðar	— 47,50
18.	——	Hjaltastaðahrepps . . .	— 29,00
19.	——	Fellnahrepps	— 8,50
20.	——	Fljótsdalshrepps	— 29,00
21.	——	Skriðdalshrepps	— 23,00

Búfræðingi Eiríki Sumarliðasyni veittur 300 kr. styrkur til að framhalda búfræðisnámi í Danmörku.

Samþykktar tillögur sýslunefndarinnar í Árnessýslu um að verja 400 kr. (sbr. Stjtíð. 1884 B. 30) til launa handa ferðabúfræðingi.

10. gr. C 5 a.

Uppí kostnað við vegagjörð í Svínahrauni sumarið 1884 veittar 2662 kr., 2 a. og 840 kr. 87 a. uppí kostnað við vegagjörð á Mosfellsheiði sama sumar.

10. gr. C. 5. b.

Veittar 683 kr. 17 a. uppí kostnað við endurbætur á sýsluveginum kringum Gilsfjörð sumarið 1884.

16. gr.

Skipstjóra Markúsi Bjarnasyni veittur 100 kr. styrkur til að kenna sjómannafræði.

Veittar 135 kr. uppí kostnað við prentun á dómasafni 1883 og ennfremur 90 kr. fyrir handrit, prófarkalestur m. m. á tjeðu riti.

HEIÐURSPENINGUR OG VERÐLAUN.

Fyrir björgun heillar skipshafnar úr bersýnilegum lífsháska þann 13 nóv. 1883 var Jón Ólafsson í Hlíðarhúsum 31. desbr. 1884 sæmdur heiðurspeningi þeim, sem ætlaður er fyrir björgun manna úr sjávarháska, og hásetum hans 8 að tölu veitt 16 kr. þóknun hverjum um sig.

EINKARJETTINDI.

26. nóvbr. 1884 voru skipstjóra og niðursuðumanni Martin Brandt frá Ringkjöbing veitt af konungi einkarjettindi um 5 ár frá 20. ág. s. á. að reikna til að viðhafa á Íslandi þá aðferð er hann hefir fundið upp til að geyma hráan, nýjan fisk, og annað matarkyns sem hætt er við að skemmast.

S. d. voru ekkjunni A. S. Petersen í Kaupmannahöfn veitt af konungi einkarjettindi um 5 ár frá 18. júní f. á. að reikna til að láta búa til á Íslandi „svingende Riste“ með því lagi sem hún hefur lýst.